

Jónas Þorsteinsson (1924-2015), skipstjóri og leiðréttingarmaður áttavita

Afhending 1021/2

Jónas Þorsteinsson fæddist 27. janúar 1924 á Hjalteyri. Foreldrar hans voru hjónin Þorsteinn Stefánsson, skipstjóri, f. 7. mars 1896, d. 3. september 1973 og Laufey Valdimarsdóttir, húsmóðir, f. 29. nóvember 1898, d. 19. maí 1961.

Jónas gekk í barnaskóla á Akureyri og varð gagnfræðingur frá Menntaskólanum á Akureyri árið 1941. Árið 1946 útskrifaðist hann með hið meira fiskimannapróf úr Stýrimannaskólanum í Reykjavík.

Frá 1941 til 1964 stundaði Jónas sjómennsku, fyrst sem háseti, en seinna sem stýrimaður eða skipstjóri, bæði á togurum og síldarbátum, aðallega frá Akureyri. Frá 1964 starfaði hann sem skrifstofumaður á Akureyri og árið 1968 byrjaði hann að vinna við að gera við og leiðrétta áttavita. Því starfi gegndi hann meðfram skrifstofustarfinu en árið 1982 gerði hann það að sínu aðalstarfi, sem hann gegndi til ársins 2001 er hann settist í helgan stein.

Jónas var virkur í Oddfellow-reglunni og starfaði að ýmsum félagsmálum sjómanna. Hann sat í stjórn Skipstjórafélags Norðlendinga í nokkur ár, þar af var hann formaður þess í 4 ár. Þá sat hann einnig í stjórn Lífeyrissjóðs sjómanna og var forseti Farmanna- og fiskimannasambands Íslands um tíma. Hann sat einnig lengi í hafnarstjórn Akureyrar.

Árið 1950 kvæntist Jónas Mattheu Kristjánsdóttur (1920-2016). Þau eignuðust 3 syni.

Afhendingin kom frá Guðmundi Steingrímssyni, fyrrverandi starfsmanni Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, en gögnin voru innan um gögn frá Skipstjóra- og stýrimannafélagi Norðlendinga. Ekki hafa komið aðrar afhendingar frá sama skjalamyndara.

Héraðsskjalasafnið á Akureyri
3. febrúar 2022

Sunnefa Lind Þórarinsdóttir
Skjalavörður

Geymsluskrá

Skjalaf. Askja Örk Tímabil Efni

1021 / 2

A-Jónas Þorsteinsson

A-Jónas Þorsteinsson

1974 - 1979

A	1	1	1974 - 1975	Skjöl varðandi hlutafjareign í ÚA (1975); umboð til handa Jónasi til að undirrita afsal vegna Hríseyjargötu 1 (1974).
A	1	2	1974 - 1974	Fylgiskjöl og farmskjöl vegna áttavita.
A	1	3	1976 - 1979	Bréf til félagsmanna Skipstjóraráðs Norðlendinga (uppkast, 1977); ávarp á ársþingi Farmanna- og fiskimannasambands Íslands um öryggismál sjómanna (án árs, Jónas höf.); minnisþing frá fundi togaramanna á Akureyri (1979); minnisþing frá fundi á Dalvík með sjávarútvegsráðherra (1979); minnisþing frá fundi með Sólbaksmönnum (1976).
A	1	4	1976 - 1977	Stílabækur með minnisþingum frá margvíslegum fundum varðandi kjör og hagsmunamál sjómanna þ.t.t. stjórnafundum FFSÍ, drög að skýrslum, ræðum, ávarpsorðum o.fl.
A	1	5	1975 - 1977	Vinnugögn við kjarasamningagerð og um kjör sjómanna.
A	1	6	1974 - 1978	Vinnugögn við kjarasamningagerð og um kjör sjómanna.
A	2	1	1974 - 1978	Gögn frá sambandsþingum og stjórnafundum Farmanna- og fiskimannasambands Íslands.